

1. tölublað 17. árgangur 1995

Fermingarblað Vífils



Listar yfir fermingarbörn í Garðakirkju 1995

Hátíðarhöld
sumardagsins
fyrsta í Garðabæ

Útilífs- og
ævintýranámskeið
Vífils í 7. sinn

Fermingargjöf sem leggur grunn að framtíðinni



Pálmi Þór Mátsson og Kolbrún Hrand Sigurgeirsdóttir.

Stjörnubókin er einhver vænlegasta ávöxtunarleiðin í dag og er því tilvalin bæði sem fermingargjöf og fyrir fermingarpeningana.

- ✦ Verðtrygging og háir raunvextir.
- ✦ Vextir bókfærðir tvisvar á ári. Lausir til útborgunar eftir það.
- ✦ Hver innborgun bundin í 30 mánuði.* Eftir það er hún alltaf laus til útborgunar.
- ✦ Spariáskrift – allar innborganir lausar á sama tíma.
- ✦ Stjörnubókinni fylgir lántökuréttur til húsnæðiskaupa. Lánsupphæðin er að hámarki 2,5 milljónir til allt að 10 ára.

* Ef raðboya ber til gegn reikningsgæmdu sótt um heimild til úttakar í bundinni fjárhæð gegn innlausnargjöldi.



Kæru bæjarbúar

Fermingarblað Vífils kemur nú út í **sautjánd**a skipti og er því fyrir löngu orðið að föstum lið í starfi félagsins.

Aðalmarkmið blaðsins er að kynna þá þjónustu sem við skátarnir í Garðabæ bjóðum, þá daga sem fermt er í Garðakirkju.

Í blaðinu eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju svo og fréttir af skátastarfinu hér í Garðabæ.

Garðbæingar geta því sent skátaskeyti til fermingarbarna eða jafnvel foreldra þeirra og óskað þeim til hamingju með daginn.

Skátaskeytasalan hefur verið aðalfjáröflun Vífils undanfarin ár og hefur stuðningur bæjarbúa vegið þar þungt á metum.

Af helstu skátafréttunum í ár er fyrst að nefna alheimsskátamótið Jamboree, sem haldið verður í Hollandi í sumar og þangað fara um 15 skátar úr Garðabæ.

Hér heima verða skátamót eins og Vormót í Krýsuvík, skátamót uppi á Öxnadalshéiði, fjallahjólaskátamót og margt fleira.

Í sumar verða svo hin geysivinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils, haldin í sjöunda skiptið.

Skátastarf í Garðabæ hefur verið mjög óflugt undanfarið ár og með því að senda skátaskeyti styrkið þið kröftugt og þroskandi félagsstarf um leið og þið sendið fallega kveðju til fermingarbarnanna.

Nafnalistarnir í blaðinu eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið fór í



prentun. Hugsanlegt er að breytingar hafi orðið frá þeim tíma. Það er von okkar að við munum eiga jafn ánægjulegt og gott samstarf við bæjarbúa, eins og undanfarin ár.

Að sjálfsögðu vonumst við svo til að sjá ykkur sem flest þann 20. apríl næstkomandi, en þá mun Skátafélagið Vífill sjá um hátíðarhöldin í tilefni sumardagsins fyrsta.

**Skátakveðja,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.**



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill
Hraunhólum 12.

Ábyrgðarmaður:
Þór Ingólfsson

Ritstjórn:
Björn Hilmarsson
Helgi Grimsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Karl Rúnar Þórsson

Myndir:
Árni Ingimundarson
Helgi Grimsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Karl Rúnar Þórsson
ásamt myndum úr myndasafni Vífils

Sumardagurinn fyrsti, 20. apríl

Hefðbundin hátíðarhöld í umsjá Vífils

Afmælisdagur Vífils

Sumardagurinn fyrsti er eins og allir Garðbæingar vita í umsjá Skátafélagsins í Garðabæ.

Sterk hefð hefur myndast um þennan dag og verður dagskráin með venjubundnu sniði og að sjálfsögðu verður þess minnst að Skátafélagið Vífill á afmæli á sumardaginn fyrsta.

Skátafélagið verður 28 ára á þessu ári.

Skátamessa í Garðakirkju

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Garðakirkju laust fyrir klukkan 11 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir.

Þar verða nýir skátar vígðir inn í félagið við hátíðlega athöfn og veittar verða viðurkenningar fyrir góð störf. Hugvekju dagsins flytur Andrés B. Sigurðsson, formaður íþrótt- og tólmstundaráðs.

Árleg skrúðganga

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er klukkan 14 eða klukkan tvö. Gengið verður frá mótum Karlabrautar og Hofstaðabrautar



í gegnum Flatahverfi að Skátaheimilinu Vífilsfelli við Hraunhóla.

Skátaforingjarnir úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og lúðrasveitin Svanur sér um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Skátaheimilið

Við Skátaheimilið mun lúðrasveitin Svanur leika nokkur lög fram að fánaathöfninni.

Strax að lokinni fánaathöfninni hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ræðumaður dagsins býður alla

velkomna og óskar bæjarbúum gleðilegs sumars.

Skátakaffi og kökur

Skátaheimilið verður opið og hið löngu fræga skátatertuhlaðborð Vífils verður að sjálfsögðu þar. Kaffisalan verður á tveimur hæðum og ættu þvi allir að geta fengið sér kaffi og kökur á meðan börnin fara í leiki og taka þátt í þrautum.

Eldri skátar fjölmennið!

Sérstaklega viljum við bjóða alla eldri skáta úr Vífli og öðrum skátafélögum velkomna.

Garðbæingar, munið hátíðardagskrá Vífils

á sumardaginn fyrsta - 20. apríl nk.!

Skátamessa, skrúðganga, kaffisala,

þrautir og skemmtiatriði.

Sjáumst í sumarskapi!



Skandia
í stöðugri sókn

Laugavegi 170 • sími 62 90 11



GoldStar

- hljómtæki
unga
fólksins!

3 DISKA HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA

Þessi frábæra hljómtækjasamstæða, Goldstar F-272L 3CD er nú á sérstöku fermingartilbodi, á meðan birgðir endast!

- Þriggja diska getsaspilari með 20 laga minni
- 32 W magnari með innb. forstilltum tónjafnara
- Tengir fyrir hljóðneoma (Karaoke)
- Tengir fyrir sjóvarp eða myndbandstæki
- Allar aðgerðir birtast á fljótandi kristalskjá
- Útvarp með FM, MW og LW-bylgjum
- 20 stöðva minni
- Tvöfalt kasettutæki m.a. með:
- Sísílan og hraðupptöku
- Fullkomin fjarstýring
- Tveir vandaðir hátalarar með loftun // bassa
- Stærð: Br.: 27 cm, hæð: 31 cm, djúpt: 33 cm

Verð áður: **49.900,- kr.**

Verð nú: **44.900,- kr.**

eða **39.900,-** stgr.



UK-17

UNGLINGAKLÚBBUR
ÍSLANDBANKA

ISLANDSBANKI
GARÐABÆ

Garðatorgi 7 Sími: 565-8000



GÓÐ ÍPRÓTT ER GULLI BETRI

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar. Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðabæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða að setja saman þína eigin æfingaaætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur. Úti eru svo gervigrasvöllur, malarvöllur og grasvöllur.

**Það er aldrei of seint að byrja.
Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.**

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 658066

Íþrotta- og tómstundaráð Garðabæjar



Alheimsskátamótið Jamboree í Hollandi

Vífill sendir 15 skáta

Nú stendur mikið til

Það eru 15 Víflar sem ætla á Alheimsmót skáta sem haldið verður í Hollandi 1. - 11. ágúst. Alls fara þó rúmlega 200 íslenskir skátar á mótið en ætlað er að 35.000 skátar frá 130 þjóðlöndum eigi eftir að vera saman í sátt og samlyndi í tjaldbúðunum í Hollandi. Orðið Jamboree er sagt vera úr indjána máli og þýða "samkoma fjölda stríðsmanna frá mörgum ættflokkum sem koma saman í friði".

Skátamót í 10 daga

Allir skátarnir í Garðabæ verða saman í sveit og Ingibjörg Guðmundsdóttir úr Vífli er ein af sveitarforingjunum. Þó svo að mótið standi yfir í 10 daga þá verða íslensku skátarnir á ferðinni mun lengur því þeir munu gista hjá hollenskum og belgiskum fjölskyldum fyrir og eftir Jamboree. Því verða íslensku skátarnir á erlendri grundu frá 28. júlí - 16. ágúst.

35.000 skátar í tjöldum

Mótssvæðið er nokkuð sérstakt því það er á unnu landi, rétt undir sjávarmáli. Mörg hundruð skátar hafa unnið að undirbúningi mótsins undanfarið ár enda mun þarna nánast á einni nóttu rísa tjaldborg með 35.000 íbúum og þeir þurfa alla þjónustu eins og síma, pósthús,

banka, verslanir, eldhús, hreinlætisaðstöðu, fyrir utan alla aðstöðu til dagskrár.

Einstakt tækifæri

Það er stórkostlegt tækifæri fyrir unga sem aldna að komast á Jamboree, sjá þjóðir heimsins koma saman í sátt og samlyndi undir merkjum skátahreyingarinnar. Á Jamboree gerast undur á hverjum degi og mýrar trúar, litarháttar og þjóðernis hrynja. Heimsálfurnar skiptast um að halda slíkt mót á fjögurra ára fresti og það verður því eftir 20 ár sem næst verður Jamboree í Evrópu.

Alltaf dýrt að taka þátt

Ferðakostnaður er mikill og ein skátamóðirin, Guðrún Borghildur Ingvarsdóttir, hefur tekið að sér að skipuleggja fjáraflanir fyrir skátana úr Garðabæ og hefur nokkrum skátum þegar tekist að safna umtalsverðum fjárhæðum til þess að greiða niður fararkostnað. Fararstjórnin hefur einnig gengist fyrir fjáröflunum.

Það er því vonandi að allir skátar sem hafa kraft og vilja, komist með á Jamboree því það er tækifæri sem gefst aðeins einu sinni á ævinni!

Við vonumst til að sem flestir styðji við bakið á Jamboreeförum með því að styrkja fjáraflanir þeirra.



Stjórn Vífils skipa

Félagsforingi

Karl Rúnar Þórsson

Aðst. félagsforingi

Ólafur Þór Jónsson

Ritari

Benedikta Haukdal

Gjaldkeri

Þór Ingólfsson

Meðstjórnendur

Sigurður Hallgrímsson

Margrét Tómasdóttir





Etienne Signer

Arctic Trading Company

Kirkjulundi 19 Garðabæ
Sími: 658100



HÚSASMÍÐJAN

Súðarvogi 3-5 Sími: 68 77 00
Skútuvogi 16 Sími: 68 77 10
Helluhrauni 16 Sími: 65 01 00



Ásgarði
Sími 565-8050

**TIL GÓÐS VINAR LIGGJA GAGNVEGIR
OG
BANKINN ÞINN
LANDSBANKI ÍSLANDS
LIGGUR
UM ÞJÓÐBRAUT ÞVERA**

Viðtækt útibúanet Landsbankans sýnir að hann starfar á meðal fólksins.

Hinir fjölmörgu viðskiptavinir Landsbankans, sem búsettir eru í Garðabæ, staðfesta mikilvægi bankans fyrir Garðabæinga.

Komdu eða hringdu í næsta útibú Landsbankans og þjónustufulltrúar bankans kynna þér *innláns-* og *útlánsþætti* sem sniðnir eru að þínum þörfum.

Í næsta nágrenni eru útibú Landsbankans í *Kópavogi s. 643066, Breiðholti s. 606030 og Hafnarfirði s. 53933.*
Afgreiðslutími mánudaga - föstudaga frá kl. 9:15 til 16:00.



Landsbanki Íslands - Banki allra landsmanna

Skátaskeytaúrvalið er fjölbreytt




1. Bessastaðagluggi



2. Varðeldur




3. Frá Ulfljótsvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



6. Freskuskeyti

Þetta eru þær skeytategundir sem Vífill hefur í boði. Ef þú hefur óskir um að senda ákveðna tegund, þá tekur þú það fram þegar þú pantar.



Mappa utan um skeytin
Öll skeyti eru send út í svona möppu

Pantið skátaskeytin í síma

565-8989 og 565-8820

Minum á að eingöngu er hægt að greiða símapantanir með greiðslukortum!

Einnig er hægt að koma í Skátaheimilið Vífilsfell að Hraunhólum 12.

Hvernig sendir þú skátaskeytin ?

Tekið er á móti pöntunum í Skátaheimilinu Vífilsfelli, sem er að Hraunhólum 12 í Garðabæ. Athugið að móttaka skeytapantana er opin milli klukkan 10 til 17. Þá er einnig hægt að hringja í síma 565-8989 og 565-8820 og panta skeyti.

Efpantað er í gegnum síma, verður að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er:
Vélrítuð skeyti kr. 400.
Skrautrítuð skeyti kr. 750.

Skeytin eru svo afhent í skrautprentuðum möppum sem eru með áletruninni: *Hjartanlegar hamingjuóskir á fermingardaginn.*

**Skátakveðja,
Skeytanefndin.**

Fermingar í Garðakirkju vorið 1995

26. mars kl. 10.30 fh.

- 101 Áslaug Guðmundsdóttir
Lyngmóum 2
- 102 Ásta Einarisdóttir
Krókamýri 22
- 103 Klara Íris Vigfúsdóttir
Langamýri 14
- 104 Axel Ásmundsson
Brekkubyggð 40
- 105 Árni Gunnarsson
Prastarnesi 1
- 106 Björn Þorlákur Björnsson
Dalsbyggð 17
- 107 Freyr Heiðar Guðmundsson
Háholti 2
- 108 Guðjón Hrafn Lárusson
Faxatúni 7
- 109 Haraldur Árni Þorvarðarson
Genilundi 4
- 110 Hermann Sigurðsson
Krókamýri 12
- 111 Hilmar Mánason
Langamýri 10
- 112 Hólmgeir Elias Flosason
Hæðarbyggð 12
- 113 Ingólfur Pálsson
Dalsbyggð 12
- 114 Jón Bjarni Steinsson
Nónhæð 2
- 115 Jón Ingi Björnsson
Hlíðarbyggð 29
- 116 Kristján Mikael Róbertsson
Hrismóum 6
- 117 Rafn Emilsson
Holtsbúð 25
- 118 Sigurjón Örn Lárusson
Faxatúni 7
- 119 Trausti Magnússon
Engimýri 2
- 120 Þorvaldur Simon Kristjánsson
Hegranesi 19

26. mars kl. 14.00 eh.

- 121 Amanda Dolores
Bæjargili 58
- 122 Berglind Arnarsdóttir
Sigurhæð 2
- 123 Dóra Viðarsdóttir
Hlíðarbyggð 47
- 124 Guðrún Yrsa Richter
Hæðarbyggð 17
- 125 Hildur Ketilsdóttir
Heiðarlundi 4
- 126 Jóna Heiða Sigurlásdóttir
Sunnuföt 28
- 127 Karen Íris Bragadóttir
Prastarnesi 18
- 128 Sigríður Margrét Möller
Fífumýri 8
- 129 Þorbjörg Þórhallsdóttir
Brekkubyggð 26
- 130 Einar Ágústsson
Fagrahæð 6
- 131 Gissur Örn Hákonarson
Holtsbúð 71
- 132 Haraldur Ólafsson
Langamýri 59
- 133 Indriði Einarsson
Langamýri 49
- 134 Pétur Ingi Pétursson
Hæðarbyggð 13
- 135 Óskar Gísli Sveinsson
Öttuhæð 8
- 136 Valdimar Finnsson
Urðarhæð 7
- 137 Þorgils Rafn Þorgilsson
Hrismóum 8

2. apríl kl. 10.30 fh.

- 201 Bára Þorsteinsdóttir
Lyngmóum 6
- 202 Elín Rúna Bachman
Ásbúð 71
- 203 Erna Hreinsdóttir
Sunnuföt 15
- 204 Guðrún Þórnarna Sveinsdóttir
Engimýri 9
- 205 Hildur Rafnsdóttir
Langamýri 7
- 206 Lísa Jóhanna Ævarsdóttir
Eyktarhæð 2
- 207 Tinna María Sigurðardóttir
Hrismóum 1
- 208 Þórdís Rafnsdóttir
Langamýri 7
- 209 Benedikt Einarsson
Bakkaföt 10
- 210 Björn Friðriksson
Viðilundi 5
- 211 Egill Geirsson
Smíðsbúð 10
- 212 Eiríkur Ari Eiríksson
Aratúni 28
- 213 Gunnar Darri Ólafsson
Goðatúni 17
- 214 Gunnar Thorarensen
Hraunholtsvegur 4
- 215 Hilmar Geirsson
Prastarnesi 6
- 216 Ingi Þór Arnarson
Hrismóum 5
- 217 Jón Svan Sverrisson
Bæjargili 27
- 218 Ólafur Árni Hafþórsson
Melási 11
- 219 Rúnar Jónsson
Hvannalundi 7
- 220 Tryggvi Sveinsson
Njarðargrund 1
- 221 Vésteinn Stefánsson
Markarflöt 41
- 222 Þórólfur Nielsen
Langamýri 24

Munið símanúmerin í Skátaheimilinu:

565-8989 og 565-8820

2. apríl kl 14 e.h.

- 223 Elva Björk Barkardóttir
Holtsbúð 57
- 224 Eva Rós Valdimarsdóttir
Engimýri 5
- 225 Fanney Jóhannsdóttir
Krókamýri 16
- 226 Herdis Jónsdóttir
Hæðarbyggð 5
- 227 Jóhanna Hildur Hauksdóttir
Þernunesi 5
- 228 Kristin Eiríksdóttir
Brekkubyggð 44
- 229 Petrea Dögg Ríkarðsdóttir
Faxatúni 15
- 230 Sigurbjörg Sigurpálsdóttir
Brúarflöt 5
- 231 Sólrún María Þorsteinsdóttir
Smáraflöt 28
- 232 Stella Ósk Sigurðardóttir
Hagaflöt 3
- 233 Svava Zophaníasdóttir
Birkihæð 11
- 234 Þórdís Anna Gylfadóttir
Hofslundi 1
- 235 Andri Már Helgason
Hrismóum 7
- 236 Atli Sævarsson
Hæðarbyggð 2
- 237 Guðmundur Ingi Jóhanness.
Hvannalundi 1
- 238 Páll Ásgrímur Jónsson
Hæðarbyggð 5
- 239 Rafn Kristinsson
Brekkubyggð 52
- 240 Ragnar Freyr Magnússon
Asparlundi 6
- 241 Sigurbjörn Gestur Sævarss.
Hrismóum 11
- 242 Þórhallur Hálfðánarson
Kjarrmóum 3

9. apríl kl 10.30 fh.

- 301 Ása Gunnur Sigurðardóttir
Holtsbúð 17
- 302 Ásdis Hrönn Oddsdóttir
Sjávargrund 4b
- 303 Birna Rún Péturdóttir
Bæjargili 23
- 304 Elfa Dögg Finnbogadóttir
Hliðarbyggð 19
- 305 Guðbjört Erlendsdóttir
Espilundi 13
- 306 Lilja Þóra Stephensen
Þrastarlundi 8
- 307 Sigríður Eir Guðmundsdóttir
Langamýri 11
- 308 Ari Páll Samúelsson
Hliðarbyggð 10
- 309 Arnar Vilbergsson
Bæjargili 59
- 310 Bergur Hrannar Guðmundss.
Hofslundi 4
- 311 Bjarnfinnur Ragnar Þorkelss.
Breiðási 2
- 312 Davíð Hilmarsson
Lyngmóum 5
- 313 Eiríkur Finnur Sigursteinsson
Holtsbúð 53
- 314 Eiríkur Þór Sigurðsson
Naustahlein 1
- 315 Gunnar Kristjánsson
Lyngmóum 16
- 316 Henning Arnór Úlfarsson
Holtsbúð 43
- 317 Jón Gunnar Magnússon
Langamýri 12
- 318 Kristinn Magnússon
Holtsbúð 24
- 319 Kristján Svan Kristjánsson
Markarflöt 28
- 320 Magnús Agúst Skúlason
Hæðarbyggð 24
- 321 Svavar Jónatansson
Brekkubyggð 43

9. apríl kl 14 e.h.

- 322 Aldis Arna Tryggvadóttir
Súlunesi 15
- 323 Ástrós Linda María Sigurðard.
Nónhæð 1
- 324 Berta Arnadóttir
Langamýri 43
- 325 Birna Mjöll Ingvarsdóttir
Faxatúni 8
- 326 Erna Sigríður Sigurðardóttir
Ásbúð 64
- 327 Eva Lind Jónsdóttir
Goðatúni 24
- 328 Fjöla Kristín Helgadóttir
Brekkubyggð 22
- 329 Guðný Gréta Guðnadóttir
Fífumýri 10
- 330 Íris Ósk Ólafsdóttir
Hliðarbyggð 43
- 331 Karitas Sæmundsdóttir
Ægisgrund 11
- 332 Rannveig Aðalheiður Oddgeirsd
Súlunesi 18
- 333 Ragna Björg Hafliðadóttir
Lækjarfit 8
- 334 Rakel Rós Kristinsdóttir
Kirkjuvegur 13, Hf.
- 335 Tinna Björk Hafþórsdóttir
Kjarrmóum 2
- 336 Vala Dögg Valdimarsdóttir
Garðafli 21
- 337 Bragi Bragason
Stekkjarflöt 11
- 338 Engilbert Arnar Friðþjófsson
Lyngmóum 11
- 339 Eyjólfur Gestur Ingólfsson
Úrðarhæð 10
- 340 Finnbjörn Þorvaldsson
Bæjargili 98
- 341 Guðmundur Arnar Grétarss.
Bæjargili 104
- 342 Hjörleifur Sumarliðason
Sigurhæð 12
- 343 Óskar Þórarinn Hrafnsson
Hrismóum 4
- 344 Viðar Jökull Björnsson
Lyngmóum 12
- 345 Viktor Björn Óskarsson
Aftanhæð 6

*Þegar skátaskeyti er pantað er gott að hafa raðnúmerið sem er við nafnið.
Það flýtir fyrir afgreiðslu hjá okkur.*

*Munið að afgreiðslan á skátaskeytunum er opin milli klukkan 10 - 17
og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.
Athugið að við tökum á móti skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem
fermingar eru í Garðakirkju.*

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils 1995 haldið í sjöunda sinn!

Heillandi valmöguleiki fyrir hressa krakka í júní - ágúst!



Útilífs- og ævintýra- námskeið haldin í 7. sinn!

Útilífs- og ævintýranámskeiðin eru skemmtileg námskeið sem Skátafélagið Vífill hefur haldið í samvinnu við Íþrótt- og tómstundaráð sex undanfarin sumur.

Dagskrá byggð á reynslu!

Í sumar verða haldin námskeið fyrir aldurshópana 8 - 10 ára og 11 - 13 ára. Þátttakendum verður skipt upp í flokka eftir aldri og getu, en flokkarnir munu starfa saman allt námskeiðið. Í slíku starfi læra börnin að vinna sameiginlega að lausn verkefna og meta að

verðleikum mismunandi hæfileika fólks. Við byggjum á reynslu undanfarinna sex sumra, en námskeiðin byggjast upp að mestu á útiveru, ferðum, þrautum, leikjum og ýmsum verkefnum, en margt af þessu hefur þróast í gegnum árin í skátahreyfingunni.

Spennandi og fræðandi dagskrá

Á Útilífsnámskeiðunum er mikið lagt upp úr því að þátttakendur læri að klæða sig eftir aðstæðum hverju sinni, því slík þekking er grunnurinn að skemmtilegu útilífi.

Aðsetur útilífsnámskeiðsins verður Skátaheimilið í Hraunhólum, en á hverjum degi verður farið í stutta

ferð og verður fjölbreytt umhverfi Garðabæjar nýtt til hins ýtrasta. Farið verður í hellaferðir, fjöruferð, fjallgöngu, "hikeferðir", hjólaferðir og kynnisferðir í fyrirtæki og til Hjálparveitarinnar í Garðabæ. Einnig verður farið í bátsferð og verður sú ferð í nánú samstarfi við Siglingaklúbbinn í Garðabæ. Námskeiðin eru líka fræðandi, t. d. fræðast þátttakendur um skyndihjálp, mataræði, ferðamennsku, áttavita, hnúta og um náttúru landsins svo fátt eitt sé nefnt.

Hápunktur er útilega í lokin

Hápunktur hvers námskeiðs verður svo tjaldútilega í lokin og að þessu sinni verður tjaldað á nýju útivistarsvæði Vífils, sem staðsett er í nágrenni bæjarins, skammt frá Heiðmörkinni, en þar er einnig útileguskáli félagsins en hann heitir Vífilsbúð.

Í útilegunni verður m. a. grillað úti, haldin kvöldvaka, farið í póstaleiki og gert flest það sem tilheyrir alvöru skátaútilegum, enda er útilíf og útilegur sérgrein okkar skátanna.



Fjörnámskeið fyrir 11-13 ára

Síðustu sumur hafa verið haldin sérnámskeið fyrir krakka 11-13 ára, þar sem þau hafa fengið ýmis ögrandi verkefni við hæfi.

Í sumar er ætlunin að halda slík námskeið og verða þau haldin í lok júlí og byrjun ágúst.

Á námskeiðunum verður aukin áhersla lögð á útilif og farið verður m.a. í tvær útilegur, auk þess sem ætlunin er að gista í helli, sem er einstök upplifun, að þeirra dómi sem reynt hafa á fyrri námskeiðum. Skráning á Fjörnámskeiðin verður á sama tíma og skráning í Útilifs- og ævintýranámskeiðin.

Ætlar þú að missa af þessu?

Gert er ráð fyrir að halda fimm námskeið í sumar og verður fjöldi takmarkaður við 25 þátttakendur á hverju námskeiði, því að við leggjum metnað okkar í það að sinna öllum okkar þátttakendum vel.

Skráning

Skráning í Útilifs- og ævintýranámskeið Vífils verður á sama stað og tíma og skráning í Íþrótt- og leikjanámskeið Garðabæjar.

Auk þess er hægt að afla upplýsinga um námskeiðin í Skátaheimilinu Vífilsfelli í síma 565-8820.



*Sjáumst þess
á Ævintýra-
og útilífs-
námskeiðunum
í sumar
hjá Vífli!*



Félagsútilegan á Úlfjótsvatni

Sofið í snjöhúsi og norðurpólinn kannaður



Árleg félagsútilega

Skátafélagið Vífill fór í sína árlegu félagsútilegu helgina 24. - 26. febrúar. Gist var í glæsilegum húsum skátahreyfingarinnar á Úlfjótsvatni. Allir skátar í félaginu sem vettlingi gátu valdið fjölmenntu í útileguna.

Föstudagskvöld

Í ferðinni var fengist við ýmis sigild skátastörf. Á föstudagskvöldi fengust skátarnir við verkefni sem tengjast Umhverfisári Evrópu og hönnuðu m.a. geimskip sem átti að vera útbúið til 6000 ára geimferðar með 100 geimfara!

Laugardagur

Á laugardegi fóru flestir skátaflokkarnir í "könnunarleiðangur á norðurpólinn". Í þeirri könnunarferð leystu skátarnir ýmis vetrarverkefni og voru á göngu í 5 klukkutíma. Skátaflokkurinn Indjána útbjuggu sér hins vegar snjöhús sem þeir sváfu síðan í um nóttina (svalir skátar það!). Síðdegis á laugardeginum var póstaleikur og leystu skátarnir á stöðvunum fjölbreytt verkefni t.a. sníða og sauma pappirsalklæðnað á einn skáta, kókflöskubowling, þekkja þjóðfána, þekkja hluti með tánunum og kasta liflinu. Á póstunum voru ýmsir eldri skátar sem leiðbeindu skátunum, m.a. framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta. Þessir lífsreyndu eldri skátar voru þó ekki skárri öikumenn en það að á tímabili voru

4 bílar fastir í sama skaflinum og hefðu eflaust verið þar til vors ef Taftinn hans Óla hefði ekki verið á staðnum. Sannast þá enn og aftur hið fornkeðna að útlitið er ekki allt, (þ.e.a.s. útlit bílsins hans Óla).

Laugardagskvöld

Um kvöldið var síðan svellandi kvöldvaka þar sem skátasöngvarnir voru sungnir af krafti og leikin voru leikrit frá skátaflokkunum. Kvöldið endaði svo með spennandi og iskyggilegum næturleik. Það voru þreyttir en sælir skátar sem skriðu í pokana sína á laugardagskveldi.

Sunnudagur

Á sunnudagsmorgni var flokkakeppni í skátaiþróttum og síðan var útilegunni slitið. Loks var síðan haldið í bæinn því veðrið var að verða vitlaust

Allt sælgæti bannað

Í skátaferðalögum Vífils er það til síðs að sælgæti og nasl, tölvuleikir og ferðahljómtæki sé ekki í farangri skátanna.

Sú regla var í hávegum höfð í þessari ferð en þó er ekki að neita að ýmsir hafi verið með smá "bensín" skammt sem var étinn með hraði í könnunarleiðangrinum á norðurpólinn.

Frábær matur

Á Úlfjótsvatni er landsþekktur matarháskóli og eflist þar bæði magi og mataráhugi (Skv söngtextanum frága). Var jafnvel talað um að sumir foringjarnir hafi legið afvelta af áti út um holt og hæðir en þessi frétt er þó birt án ábyrgðar.

Kaffihús á Úlfjótsvatni

Að lokum er nauðsynlegt að kynna fyrir öllum þeim sem vilja skoða hina frábæru aðstöðu á Úlfjótsvatni að þar er hægt að fá kaffi og rjómaöflur fyrir alla fjölskylduna á sunnudögum.

Allar nánari upplýsingar gefur Finnboogi í síma 98-22674.



SETUR ÞÚ UPP SKEIFU ÞEGAR MINNST ER Á TRYGGINGAR FJÖLSKYLDUNNAR?



Þeir eru garfosamir sem aldrei veða fyrir tjón. En öll vitum við að hamingjan er hverfud. Sýndu fyriryggju og tryggðu Fjölskylduna. F-plús er einföld, örugg og víðtæk trygging sem samneinar allar þær tryggingar sem fjölskylda þín þarf.

- ⇒ Eignatryggingu heimilis og húsnæðis
- ⇒ Greiðslukortatryggingu
- ⇒ Farangurstryggingu erlendis
- ⇒ Ábyrgðartryggingu
- ⇒ Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu
- ⇒ Fritímaofstryggingu

F-plús fjölskyldatryggingin er sú vernd sem fjölskylda þín þarf.



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

-þar sem tryggingar snúast um fólk

ARMILLA 1, 100 BÍTKLAUÐ, SÍMERNUM



Verkbókhald


Þarftu að halda utan um kostnað á ákveðin verkefni ?
 Viltu fylgjast með viðgerðar- og viðhaldssögu ?
 Þarftu eftirlit með áhöldum og tækjum ?
 Viltu skrá tíma og akstur starfsmanna ?

*Þá er Verkbókhaldið frá Ferli hf. eitthvað sem þú mátt til með að kynna þér.
 Hafðu samband og við veitum þér allar upplýsingar.*

Ferli hf. Síðumúla 10 108 Reykjavík Sími: 682288 Fax: 682855



Síðumúla 15
 Sími 3 30 70



Côte d'Or
 Fílakaramellur

Garðatorg




Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð



Pharmaco

Hörgatúni 2
 210 Garðabæ.

Endurreisn Vífilsbúðar lokið



Vífilsbúð flutti í fyrri

Skátafélagið Vífill hefur að undanfögnu unnið að endurreisn skátaskálans Vífilsbúðar sem er nú staðsettur sunnan megin Heiðmerkur.

Skálinn var fluttur á síðasta ári vegna golfvallarframkvæmda við gamla staðinn.

Miklar endurbætur

Byrjað var á því að reisa glæsilegan pall við skálann og síðan var hann þéttur og málaður hátt og lágt. Arinn var lagfærður, smíðuð koja

og uppi á svefnloftið var settur nýr panell og lagt nýtt teppi.

Vinnuskóli Garðabæjar lagði okkur svo lið síðastliðið sumar og gerði göngustiga í kringum skálann.

Útivistarsvæði Vífils í framtíðinni

Næstu sumar standa vonir til að okkur takist að koma upp góðu útivistar-, tjald- og íþróttasvæði við skálann. Akvegur er alla leið að skálanum en allir sannir skátar ganga frá Heiðmerkurhliðinu að skálanum.


Með þessu nýja svæði eru bundnar miklar vonir og nú getur Vífill stefnt að því að endurvekja hin vinsælu skátamót félagsins, hin svokölluðu Vífilsmót, en áður fyrr voru allt að 500 þáttakendur á þeim frá hinum ýmsu félögum.

Skálinn sjálfur

Vífilsbúð er tveggja hæða og á neðri hæð er 30 m² salur með eldhúsi og síðan er 25 m² svefnloft. Á svefnlofti eru dýnur fyrir 15 manns.

Vífilsbúð er hituð upp með gasofni og arni en lýst upp með gasljósum. Eldunaraðstaða er mjög góð, gaseldavél og borðbúnaður er til fyrir 15 manns. Það er ekkert rennandi vatn í skálanum en vaskir skálaverðir sjá til þess að nægar vatnsbirgðir séu fyrir hendi. Það er því væntanlegt að útilifið eigi eftir að blómstra hjá skátunum í Garðabæ.

Það fara allir heim með sælubros eftir útilegu í Vífilsbúð!



Vífill á Gilwell námskeiði

Hvað er Gilwell ?

Skátaforingjum er boðið upp á margvísleg námskeið á vegum Bandalags íslenskra skáta. Gilwellnámskeið kallast seinustu og æðstu námskeið foringjaþjálfunarinnar.

Námskeið með þessu heiti hófu göngu sína í Gilwell Park á Englandi árið 1919 að frumkvæði Baden Powell, stofnanda skátahreyfingarinnar. Þeim var um áratugaskeið stýrt afleiðbeinendum þar og komu skátar víðs vegar að úr heiminum til þess af bergja af viskubrunni skátaforingjunum á Gilwell Park. Nú til dags eru Gilwellnámskeiðin á ábyrgð skátahreyfingarinnar í hverju landi.

Vikulangt skátanámskeið

Gilwellþjálfunin er þrjúþætt. Hún hefst með viku námskeiði sem er bæði verklegt og fræðilegt. Síðan tekur við verklegt nám við stjórnun skátasveitar í minnst 4 mánuði og þar að auki þarf skátaforinginn að



gera skriflega grein fyrir viðamiklum verkefnum sem fyrir hann eru lögð. Tekur námið því um það bil eitt ár.

Ótrúleg upplifun

Gilwellnámskeiðin hafa orð á sér fyrir að vera ævintýranámskeið fyrir fullorðna. Skátaforingjar á aldinum 18 - 70 ára byggja alls kyns skátabyggingar úr trönum, úthugsa nýtsamleg tæki til þess að gera tjaldbúðirnar þægilegri, fönðra skátalístmuni sem tengjast síðum og venjum skátahreyfingarinnar, flækjast upp um fjöll og firnindi í

sólarhringsgönguferð og lifa lífinu lifandi eins og sönnum skátum sæmir. Eftir vikuna eru flestir dauðþreyttir en sælir í sinni.

Vífill tekur þátt - en þú ?

All nokkrir foringjar úr félaginu fara árlega á Gilwell námskeið. Nú er nýjasta hugmyndin að halda "Borgar-Gilwell" í Reykjavík fyrir þá sem ekki komast í burtu í heila viku.

Ef þú varst í skátunum en komst ekki á Gilwell, þá er þetta eitthvað fyrir þig !

Götuleikur 1. desember

Vitlaust veður en samt..

Það voru vaskir Víflar sem mættu í skátaheimilið Vífilsfell 1. desember 1994. Veðrið var snar snældu vitlaust eins og öllum er í fersku minni, ausandi rigning og rok. En skátarnir létu engan bilbug á sér finna og æddu út í götuleik. Tílefnið - jú það var verið að halda upp á fullveldisdaginn.

Fullveldi bjargað

Spunnin var upp mikil saga um það hvernig finna þyrfti sambands-samningana og koma þeim í hús. Til þess að geta nálgast samningana þyrfti að ljúka ýmsum verkefnum. T.d. leysa dulmálslykil, raða þúsluspili, rata eftir korti, taka rétta

stefnu á áttavita, súrra saman brú, bera vatn, hlaða bálköst og kveikja eld.

Samið yfir kakóbolla

Að endingu hófst mikill eltingarleikur um samninginn sem endaði að sjálfsögðu í sátt og samlyndi við ilmandi kakó og

stórglæsilegt bakkelsi. Á eftir var hressileg kvöldvaka þannig að allir fóru heim glaðir í sinni.

Nú er það bara spurningin hvort götuleikurinn á næsta ári verði meira spennandi og verra veður svo að skátarnir fjúki sjálfkrafa á milli dagskrárpósta?



Vandaðar og nytsamar fermingargjafir

KARRIMOR



BAKPOKAR

Trail 45 l Verð kr. 8.880

Fermingartilboð kr. 7.992*

Discovery 55 l Verð kr. 10.880

Fermingartilboð kr. 9.792*

Panther 60 l Verð kr. 12.680

Fermingartilboð kr. 11.412*

ajungilak.



SVEFNPOKAR

Scout Lux -8° Verð kr. 9.990

Fermingartilboð kr. 8.991*

Lillehammer -10° Verð kr. 10.480

Fermingartilboð kr. 9.390*

Igloo -18° Verð kr. 13.495

Fermingartilboð kr. 11.470*



TJÖLD **lichfield**▲▲

Falcon 150 2 manna Verð kr. 11.990

Fermingartilboð kr. 10.791*

Falcon 180 2-3 m. Verð kr. 13.840

Fermingartilboð kr. 12.456*

Hawk 180 2-3 m. Verð kr. 16.990

Fermingartilboð kr. 15.291*



SCARPA

GÖNGUSKÓR


Mirage leðurgönguskór Verð kr. 9.990

Fermingartilboð kr. 8.991*

Einnig skiðatöskur frá kr. 2.000, hanskar, húfur, gleraugu og margt, margt fleira.

AUK / SIA k739-61

*Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu.



Raðgreiðslur • Póstsendum samdægurs.
Umboðsmenn um land allt.

SKÁTABÚÐIN
-SKARAR FRAMÚR

Snorrabraut 60 • Sími 561 2045

Framtíðarsjóður fermingarbarnsins

Þegar fermingarbarnið er tekið í tölu fullorðinna stendur það á tímamótum í lífi sínu. Oftar en ekki eru því færðar góðar gjafir.

Góð og varanleg gjöf gæti verið fjárhæð sem lögð væri inn á Bakhjarl sem er bundinn hávaxtareikningur hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Bakhjarl er reikningur sem ýmist er bundinn í 12, 24, 36, eða 48 mánuði.

Gefandinn kemur til okkar í Sparisjóðnum og stofnar reikning í nafni fermingarbarnsins og leggur fyrsta innlegg á reikninginn. Fermingarbarninu færir hann síðan gjafabréf.

Gjafabréfið færðu á afgreiðslustöðum
SPARISJÓÐS HAFNARFJARÐAR
Strandgötu 8 -10
Reykjavíkurvegi 66
Garðatorgi 1, Garðabæ



SPARISJÓÐUR
HAFNARFJARÐAR